

FW: Framtíð Act alone í járnum

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : FW: Framtíð Act alone í járnum
Málsnúmer : 2017020093
Málsaðili : Act alone, félagasamtök
Skráð dags : 17.02.2017 11:14:54
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [image002.jpg](#)[image002.jpg](#)

Eftir samtal við Elfar Loga, fyrir hönd Act alone, varð niðurstaða hans að senda inn neðangreint erindi fyrir hönd hátíðarinnar.

Taldi hann eina lausn fyrir hátíðina geta falist í aukningu þess styrks sem Ísafjarðarbær hefur veitt, kr. 500.000,- Vinsamlegast setjið þetta erindi á dagskrá fundar bæjarráðs.

Gísli H. Halldórsson

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: gisli@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri - auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - *Lonely Planet*

From: Kómedíuleikhúsið [mailto:komedia@komedia.is]

Sent: 17. febrúar 2017 11:01

To: Gísli Halldór Halldórsson

Subject: Framtíð Act alone í járnum

Góðan dag, best að segja hlutina einsog þeir eru en framtíð elstu leiklistarhátíðar landsins Act alone er í járnum. Einsog staðan er núna þá stefnir allt í dagar hátíðarinnar séu taldir. Um þetta er fjallað í gagnrýni um Gísla á Uppsölum í Fréttatímanum í dag, 17. 2. 2016, hvar fjallað er sérstaklega um Act alone og bága stöðu þess. Þó hátíðin sé kominn á táningsaldur hefur fjármögnun gengið erfiðlega. Sárast er þó að Menningarmálaráðuneytið hefur aðeins einu sinni styrkt hátíðina, einu sinni. En á sama tíma hefur hún verið að styrkja aðrar listahátíðir sem vel að merkja eru aðeins haldnar á höfuðborgarsvæðinu. Vandamálið í raun risavaxið því staða atvinnulistar á landsbyggð er mjög bágborinn og nýtur engan skilnings menningarráðuneytis. Er þetta sú byggðastefna sem við viljum? Viljum við listalaus landsbyggð? Við höfum óskað eftir fundi með menningarráðherra varðandi málið en því erindi hefur enn ekki verið svarað, það sýnir kannski vel áhuga ráðuneytisins á Act alone sem og atvinnulistum á landsbyggð.

Nú er svo komið að Act alone verður ekki haldin nema fjárhagur þessi verði tryggður. Aðstandendur hafa rætt þann möguleika að færa hátíðina annað, í annað sveitarfélag ef til þess fæst skilningur og fjármagn frá

viðkomandi. Gæti verið að hátíðinni sé bets komið í Reykjavík og fái þá loks stuðnings
Menningarráðuneytis? Fáranlegt að segja það en oft er fáranleikinn ekki svo fjarri raunveruleikanum.
Við sem að Act alone trúum við að hátíðin skipti máli ekki bara fyrir Vestfirði heldur og listalíf allt.

Þrjóska vestfirska situr í okkur og við neitum að gefast upp fyrr en í fulla hnefana þó að löngu ætti í raun
öllu hátíðarhaldi að vera lokið, miðaðað við skilning opinbera aðila á hátíðinni. En í lokasinnið leitum við
til Ísafjarðarbæjar hvar hátíðin hefur verið haldin frá upphafi með von um að það sé ekki allt bú.

Með ósk um mjög skjótt svar því við þurfum að fara að taka lokaákvörðun með Actið - halda áfram -
flytja hana annað, eða bara hætta.

Elfar Logi Hannesson, forystusauður
Act alone